

Stjórnarfundur nr. 5

2. september 2009 kl.17:00 á skrifstofu HRFÍ

Mættir: Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir og Valgerður Júlíusdóttir.

1. Minningarsjóður Emilíu – úrsögn úr stjórn sjóðsins og umsóknir um styrki

„ 25.júlí 2009

Til stjórnar HRFÍ

Hér með segjum við af okkur úr stjórn Minningarsjóðs Emilíu. Óskum við sjóðnum velfarnaðar.

Kær kveðja, Svava Berglind, Heiðdís Sigursteinsdóttir”

Neðangreindur tölvupóstur var sendur til Svövu og Heiðdísar 11. ágúst sl.:

„Varðandi úrsögn ykkar úr stjórn minningarsjóðs Emilíu þá stendur í 3. grein skipulagsskrár fyrir minningarsjóðinn eftirfarandi:

Stjórn sjóðsins skipa: einn fulltrúi valinn af stjórn HRFÍ, tveir

tilnefndir af fjölskyldu Emilíu. Við ákvarðanatöku innan sjóðsins ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

Í 8. grein skipulagsskrárinnar stendur:

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með samþykki stjórnar sjóðsins og stjórn Hundarættarfélag Íslands.

Samkvæmt 3. grein þarf fjölskylda Emilíu heitinnar að tilnefna tvo fulltrúa í minningarsjóðinn. Ef ekki er hægt að verða við því þurfið þið að samþykkja, sem meirihluti fráfarandi stjórnar, breytingu á 3. greininni þannig að stjórn minningarsjóðsins sé skipuð þremur fulltrúum, sem stjórn HRFÍ tilnefnir.

Stjórn HRFÍ er með fund á morgun kl.17 og þætti mér vænt um ef þið gætuð svarað mér fyrir þann tíma.”

Seinnipart dagsins þann 12. ágúst barst neðangreint svar frá Svövu og Heiðdísar:

„Við undirritaðar samþykkjum breytingu á skipulagsskrá Minningarsjóðs Emilíu, er varðar 8.grein.

Kærar kveðjur, Heiðdís Sigursteinsdóttir, Svava Berglind”

Umsókn 1: (fyrirspurn og umsókn frá apríl 2009)

A-2289 a

Ég sendi ykkur hér með umsókn um styrk úr minningarsjóði Emilíu vegna þjálfunar á hjálparhundi (sjá viðhengi). Þjálfunin er í gangi núna og því liggur ekki allur kostnaður fyrir en við gerum ráð fyrir að þetta muni kosta okkur u.þ.b. 5-600 þúsund. Því myndi breyta miklu fyrir okkur ef sjóðurinn sæji sér fært um að veita okkur styrk upp í kostnað.

Með von um góðar móttökur,

XXXX

Umsókn 2: (Umsókn frá 18. júní)

A-2289 b

Sæl verið þið! Ég heiti XXXX. Mig langar til að sækja um styrk vegna þjálfunar á hjálparhundi mínum sem á að heita XXX! Ég er fjölfötluð í hjólastól sem ég stýri með hokustýripinna og stjórna tölvu með augnstýringu. Ennig er ég heyrnarlaus en heyri smá með hjálp kuðunsígræðslu í hægra eyra! Ástæða þess að ég vil fá mér sérþjálfaðan hund er sú að ég vil vera meira sjálfstæð þegar ég er ein úti á götu og heyri kannski bíl ekki koma, þá á hundurinn að láta mig vita af bílum eða ef einhver kallar á mig!

Auþess á XXX að kveikja og slökkva ljós og opna hurðir , ýta á lyftutakka. XXX á sem sagt að vera heyrnarhundur og hjálparhundur fyrir mig þar sem ég er mikið fötluð! XXX hundþjálfari hefur fallist á að hjálpa mér að þjálfu XXX mín. Þjálfunin gæti kostað um fimm hundruð þúsund eða meira. Ég vona að þið getið hjálpað mér að láta drauminn mín um XXXrætast! Kær kveðja XXX

Ítrekun send í tölvupósti frá XXX þann 24. ágúst 2009:

góðan daginn, ég heiti XXX og er með hund sem ég ætla að láta þjálfu sem hjálparhund. Getið þið veitt mér styrk til að standa straum af kostnaði sem fylgir þjálfunni? XXX mun þjálfu hann Happy! Kær kveðja, XXX

Ítrekun send í tölvupósti frá XXX þann 30. ágúst 2009:

Sælar! ég heiti XXX og er stoltur eigandi hunds sem heitir XXX sem ég fékk hjá XXXX í XXX ég er ekki búin að fá ættbókina hans XXX ennþá! hvernig stendur á því? mig vantar númer ættbókarinnar svo ég geti fengið tryggingu fyrir XXX áður en hann fer vestur í þjálfun á fimmtudaginn. síðan myndi hann koma til mín næsta sumar. mig langar að vita hvort þið sjáið um að styrkja fatlað fólk í að standa straum af þjálfunarkostnaði sem er víst mjög hár. vinsamlegast svarið tölvupóstinum mínum. Kær kveðja XXXX og XXXX

Tillaga stjórnar að breyta 3.gr. skipulagsskrá fyrir minningarsjóð Emilíu eftirfarandi:

3.gr.

Stjórn sjóðsins skipa stjórn HRFÍ. Við ákvarðanatöku innan sjóðsins ræður einfaldur meirihluti stjórnarmanna.

Samþykkt

Í framhaldi af ofangreindri samþykkt er tillaga að breytingu að 2.gr. sem tekur tillit til óskar Emilíu Sigursteinsdóttur sem borin var upp á aðalfundi félagsins árið 2003. Hún óskaði eftir að stofna sjóð til að hjálpa heimilislausum hundum:

2.gr. hljóðaði eftirfarandi:

„Minningarsjóðurinn er styrktarsjóður og er hlutverk hans að veita styrki til einstaklinga sem þurfa á sérþjálfuðum hundum vegna fötlunar að halda.“

2.gr. eftir breytingu þar sem tekið er tillit til upphaflegs tilgangs sjóðsins þ.e. óskar Emilíu Sigursteinsdóttur:

„Minningarsjóðurinn er styrktarsjóður og er hlutverk hans að styrkja málefni heimilislausra hunda.“

Stjórn HRFÍ samþykkir að veita 50.000 króna þjálfunarstyrk til ofangreindra aðila. Greitt verður samkvæmt reikningi hundapjálfa.

2. Afmælisýning 22. – 23. ágúst – stærsti og viðamesti viðburður félagsins til þessa.

A-2289

Skráðir voru 684 hundar af 81 tegund á laugardeginum og 673 hundar af 79 tegundum á sunnudeginum, alls 1357 hundar. Alls 1320 manns borguðu inn á sýningarnar. Dómarar voru Guðrún Guðjohnsen (Ísland), Sigríður Pétursdóttir (Ísland), Carl-Gunnar Stafberg (Svíþjóð), Jean Lanning (Bretland), Helle Dan Pálsson (Danmörk), Jörgen Hindse (Danmörk), Kari Järvinen (Finnland), Marie Petersen (Danmörk), Rune Fagerström (Finnland), Áke Cronander (Svíþjóð) og Auður Sif Sigurgeirsdóttir dæmdi 32 unga sýnendur á föstudeginum fyrir sýninguna. Dæmt var í 9 hringjum á laugardeginum og 10 á sunnudeginum. Voru sýnendur allflestir mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag og höfðu margir á orði að svona vildu þeir gjarna sjá sýningarnar í framtíðinni. Ekki vantaði lofsyrði frá dómurum um fyrirkomulag, starfsfólk, sýnendur og hunda.

Hér fara nokkur þakkarbréf frá dómurum og félagsmanni á sýningunni:

Frá Jörgen Hindse Madsen:

„Dear Jona.

Thank you - and the Icelandic Kennel Club - so much for the great hospitality you showed to Marie and Henning, Pernille and Jens and Vibeke and myself during our visit in Iceland.

It was a pleasure for us in the "Danish Delegation" to be a part of the celebration of your 40 years anniversary and to be a part of your 2 excellent shows.

Give my regards to the Board of your club, and to Magnus . I hope to see you in Bratislava in October!

Warm regards - also from Vibeke

Jørgen”

“Dear Valgerdur.

Thank you so much for the hospitality you did show to me and my colleagues from the Danish Kennel Klub (and our familys), during our visit in Island. It was a pleasure for all of us.

Hope to see you soon again !

Best regards

Jørgen”

Frá Jean Lanning:

„Dear Valgerdur

Please thank all those responsible for such a wonderful week-end. Great hospitality and many very good dogs.

Please tell you PRESIDENT,I hope to meet up with her at CRUFTS. In the meantime,I will look and see what I may have regarding Iceland Dogs,and will let her have these things when I see her at CRUFTS.

Again many thanks for such a wonderful time. Remember me especially to my very good friends

GUDRUN,SIGRIDUR,RAGNAR etc.

Love,Jean”

Frá Marie Petersen

„Dear Valgerdur,

Thank you so much for your big hospitality and very good treatment. I loved Iceland, the stay and the shows.

I can only recommend judging in Iceland to other judges.

With kind regards

Marie Petersen

www.kisci.dk”

Frá Helle Dán Pálsson

„Hi

Just arrived back home - and want to thank you all for a lovely weekend at Iceland - I really enjoyed my stay and you were all very kind and helpful.

I will send a special THANK YOU to all my hard working ringstewards - they did a marvelous job.

I do hope to return to Iceland one day - hopefully sooner, than later.

Many thanks

Helle Dan Pálsson

www.dan-l.dk“

Frá Rune Fagerström

“Hi,

It was my pleasure to judge in Iceland! A lovely show, and everything runned so smoothly.

Great people and good sportmanship.

yours Rune

PS Regards to Marjo and owner...”

Frá félagsmanni og sýnanda:

„Sæl Jóna mín,

Okkur langar að þakka fyrir frábæra helgi. Þetta var snilldarhugmynd að hafa hundasýninguna með þessum hætti og okkur fannst þetta ganga mjög vel. Vonandi verður þetta fyrirkomulag reynt aftur.

Kær kveðja, Inga Björk Gunnarsdóttir & co.Sperðli”

Frá félagsmanni og starfsmanni sýningar:

Hæ hæ,

Takk fyrir frábæra sýningahelgi þið eigið hrós skilið fyrir frábært skipulag og undirbúning, þetta var stórkostlegt !!!!!

Súsanna Antonsdóttir

Bestu kveðjur og enn og aftur takk fyrir frábæra helgi !!!

3. NKU fundur föstudaginn 21. ágúst á Grand Hotel

Jóna opnar gjafir frá norrænu klúbbunum ásamt gjöf frá Hans Åke Sperne. Jóna og Valgerður senda þakkarbréf til gefenda.

4. NKU vísindaráðsfundur á skrifstofu HRFÍ 17. og 18. ágúst

Kalla eftir fundargerð frá Helgu Finnsdóttur á íslensku og óska eftir að hún geri grein fyrir fundinum á næsta fulltrúaráðsfundi.

5. Augnskoðun í tengslum við afmælisýningu

A-2289 b

Finn Bøserup frá Danmörku augnskoðaði 192 hunda í anddyri reiðhallarinnar í Víðidal. Gekk skoðunin vel fyrir sig með aðstoð tveggja góðra félagsmanna og því ekkert því til fyrirstöðu í framtíðinni að hafa þennan háttinn á í tengslum við sýningar. Finn lýsti yfir áhyggjum af Siberian Husky og mun hann senda okkur skýrslu um það. Finn ásamt konu hans og Helgu Finnsdóttur var boðið í dómaradinner á laugardagskvöldinu.

“Dear Vala – dear Jona – thank you very much for a really well-organized event in Reykjavik – and a special thank you very much for the dinner at Perlan from Hedda and from my self.

As I briefly mentioned before leaving, I am a bit anxious about the cataract in the Siberian Husky.

This type of cataract is a very aggressive type causing visual problems already at an age of approx. 2 years, and probably in most cases total blindness at an age of 4-5 years.

My proposal is, that you suggest to the breed club to try to look at the lines of dogs having this diagnose to see, if the dogs genetically are close to each others, and when we know more about the lines of the affected dogs, we can decide to just eliminate these lines from breeding, if that is possible, or we can make a eye examination of a greater group of dogs to try to determine, how many dogs really is affected.

More or less the same, as we did in The Icelandic Sheepdog a few years back, which apparently has been very effective, as we more or less have not seen any Sheepdogs being affected afterwards.

Otherwise I did not find anything special.

In cases with Corneal Dystrophy and Distichiasis I hope to have given the owners the necessary breeding advices.

One thing more – I saw 1 Australian sheepdog. And as this breed have a problem with iris colobomas and/or Iris atrophy it is recommended to look at this breed before dilating the pupils – that means before the drops are put in, as it is more difficult to see the lesions at eyes with dilated pupils.

It is not a major problem, but let us try to remember, that this breed has to be examined before and after dilatation of the pupil.

This is just a few words on the result of the examination this time, but let me know, if you need more specific comments on something else.

Best wishes and thank you very much for this time.

By the way, just for your information I, myself, need to have done some surgery to a finger, and I suppose, that this will take place in week 43, and after this surgery, I am not allowed to work for 3-4 weekes, so if you want me to come back once more this year, I think, that late November would be good for me.

*Yours sincerely
Finn Boserup”*

6. Afmælishátíð í Reiðhöllinni í Víðidal 27. ágúst kl.17-22

Fyrirlesarar:

Steinunn Geirsdóttir dýralæknir: Herpes í hundum

Helga Finnsdóttir dýralæknir: Sæðingar með frosnu og fersku sæði.

Sigríður Bílddal ræktandi: Hvernig undirbý ég hvolpa undir lífið?

Hanna María Arnórsdóttir dýralæknir: Skyndihjálp fyrir hunda.

Sigrún Árnadóttir hómópati: Getur hómópatía gagnast hundum?

Margrét Kjartansdóttir hundasnyrtir: Snyrting hunda.

Stefanía Sigurðardóttir ræktandi: Saga og uppruni íslenska fjárhundsins.

Þorsteinn Kristinsson kerfisfræðingur: Nýtt forrit fyrir ræktendur.

Fyrirlestrararnir fóru fram í veitingasal á 2. hæð.

Gömlu teppin voru sett á reiðhallargólfið. Þar voru ræktunardeildir og söluaðilar með kynningarbása. Jafnframt var boðið uppá fjölbreytta skemmtun s.s.: hundafimi, hlýðni, hundadans,sporaleit, smalahundur að smala öndum, tískusýningu, vængæfingu fyrir fuglahunda o.fl.

Ljósmyndasýning Rakelar Óskar Sigurðardóttir var í anddyri og gangi. Rakel tók einnig myndir af hundum í boði VÍS Agria dýraverndar og var jafnan löng röð hjá Rakel í myndatökunni. VÍS Agria hafði áður sent glæsilegt boðsbréf í myndatökuna til þeirra sem tryggja hunda sína hjá VÍS.

Ekki má gleyma glæsilegri sýningu í veitingasal en þar var stiklað á stóru í 40 ára sögu HRFÍ í máli og myndum, sem Brynja Tomer tók saman og greiddi úr eigin vasa.

Boðið var upp á heita súpu og aðrar veitingar í veitingasal gegn vægu gjaldi.

Afmælishátíðin var vel sótt, þó aðallega af félagsmönnum, sem voru ánægðir með þetta framtak. Margir höfðu á orði að það væri gaman að gera þetta að árvissum viðburði.

Afmælisteymið sem sá um allt utanumhald og skipulagninu á afmælishátíðinni á þakkir skyldar fyrir gott framtak.

7. Árleg Laugavegsganga Hundaræktarfélags Íslands, laugardaginn 29. ágúst

Lagt var af stað frá Hlemmi kl.13:00, gengið niður Laugaveg og endað í

Hljómskálagarðinum. Skólahljómsveit Kópavogs sló taktinn í göngunni.

Í göngunni voru m.a. hundar úr Leitarhundum Slysavarnarfélags Landsbjargar og heimsóknavinir Rauða kross Íslands. Stúlkur úr Unglingadeildinni voru fánaberar.

Var gangan fjölmenn enda veður með eindæmum gott. Lokað var fyrir umferð niður

Laugarveginn á meðan á göngunni stóð og vakti gangan mikla hrifningu fólks. Margir

útlendingar voru staddir í bænum á meðan á göngunni og stóð og tóku þeir óspart

myndir. Það er ekki spurning að hafa gönguna á þessum tíma ársins.

8. Árshátíð var haldin 29. ágúst í sal Húnvetningafélagsins í Skeifunni 11

Punktur frá Auði Sif – hefur ekki enn sent til ritara.

9. Umsókn frá retrieverdeild um deildarsýningu

A-2290/ A-2290 a

Stjórn HRFÍ hefur ákveðið fjórar stórar sýningar á næsta ári og lagt út í miklar fjárhagslegar skuldbindingar því tengdu. Miðað við efnahagsspár næsta árs telur stjórn HRFÍ ekki grundvöll fyrir fleiri sýningum árið 2010. Nauðsynlegt er að tryggja þátttöku á þeim sýningum og því hefur verið ákveðið að leyfa ekki deildarsýningar árið 2010. Stjórn HRFÍ mun endurskoða afstöðu sína fyrir árið 2011.

10. Umsókn frá DÍF um deildarsýningu

A-2291/ A-2291 a

Stjórn HRFÍ hefur ákveðið fjórar stórar sýningar á næsta ári og lagt út í miklar fjárhagslegar skuldbindingar því tengdu. Miðað við efnahagsspár næsta árs telur stjórn HRFÍ ekki grundvöll fyrir fleiri sýningum árið 2010. Nauðsynlegt er að tryggja þátttöku á þeim sýningum og því hefur verið ákveðið að leyfa ekki deildarsýningar árið 2010. Stjórn HRFÍ mun endurskoða afstöðu sína fyrir árið 2011.

11. Bréf frá Retrieverdeild vegna veiðiprófa 200909 og 200910 **A-2292 / A-2293**

12. Bréf frá XXXX varðandi Pet Passport

A-2294/A-2294a

Lagt til að fá MAST á stjórnarfund til að ræða þessi mál ásamt skapgerðamati tengdum innflutningi á ákveðnum hundategundum.

Svara bréfinu og láta XXX vita að þetta sé frábært framtak og góðir punktar frá henni. Þjóða henni að taka þátt einangrunarteyminu.

13. Bréf frá félagsmanni

A-2295

14. Afreks- og þjónustuhundur 2009

Tvær tillögur hafa borist en ákveðið var að framlengja skilafrest til 16. september.

15. Tölvupóstur 16. júlí sl. frá félagsmanni- tekið fyrir á síðasta stjórnarfund

Stjórn sammála um að fá einhvern frá MAST til að koma á fund til að ræða ofangreind mál.

Guðríður ætlar að boða Halldór yfirdýralækni á næsta stjórnarfund, 23. september.

16. Bréf frá dómarráði – notkun á bráð í alhliðaprófi fyrir th.7 **A-2296/A-2296a**

Samþykkt að fá álit frá öllum í tegundahópi 7 og fá svar sem fyrst. Senda afrit á dómarráð og veiðiprófanefndar HRFÍ fyrir tegundahóp 7.

17. Önnur mál

- **Augnskoðun í haust – nóvember! Nú þegar farið að spyrjast fyrir.**

Í Sólheimakoti og Akureyri (ef næg þátttaka verður)

Samþykkt að fá Finn í nóvember. Finna dagsetningu og senda á svæðafélagið svo að hægt sé að auglýsa.

- **Fulltrúaráðsfundur verður 21. október kl.19:30.**

- **Dýrahjálpi Íslands**

A-2297

Þjóða þeim á stjórnarfund 14. október kl. 17:00. Valgerður boðar til fundarins.

- **VÍS-AGRIA**

Neðangreind tilkynning kom í tölvupósti 31. ágúst frá Rúnari Þór Guðbrandssyni:

„Par sem ég hef látið af störfum hjá VÍS langar mig til að þakka fyrir samstarfið á liðnum árum”

Formaður hringdi til Rúnars Þórs og þakkaði honum sömuleiðis fyrir gott og árangursríkt samstarf á liðnum árum og óskaði honum velfarnaðar á nýjum slóðum.

- **Vefkerfið – fundur á morgun.**

18. Næsti fundur stjórnar 23. september.